

**L ö g**26  
19. júní.

um

að leggja jörðina Bakka með Tröllakoti í Tjörneshreppi í Suður-  
Þingeyjarsýslu undir sveitarfjelag Húsavíkurhrepps.

**Vjer Christian hinn Tíundi**, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,  
Láenberg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt*: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau  
með samþykki Voru:

**1. gr.**

Jörðin Bakki með Tröllakoti í Tjörneshreppi skal lögð undir sveitarfjelag  
Húsavíkurhrepps frá 1. júní 1922.

**2. gr.**

Á sama tíma skal Húsavíkurhreppur greiða Tjörneshreppi í eitt skifti  
fyrir öll sextán hundruð krónur og hafa lokið á tólf árum að gera akfæran veg  
að landamerkjum Bakka og Hjeðinshöfða.

**3. gr.**

Að öðru leyti eru skyldur og kvaðir, þar með talið þurfamannaframbæri,  
á þessum tveimur hreppum óbreyttar frá því, sem ákveðið er í stjórnarráðsbrjefi  
nr. 72, 4. júní 1912.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 19. júní 1922.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

---

*Kl. Jónsson.*